

Miðvikudaginn 22. janúar 1964.

Nr. 129/1963. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Guðlaugi Jónssyni Jónatanssyni

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Hákon Heimir Kristjónsson, fulltrúi bæjarfógeta í Keflavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Í ákæruskjali er þess ekki krafizt, að ákærði verði sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í Hæstarétti, kr. 4000.00, er renni í ríkissjóð, og málsvarnarlaun verjanda síns þar, kr. 4000.00.

Það athugast, að ekki verður séð, að lögreglumaður sá, sem í upphafi rannsóknar yfirheyrði ákærða um framferði hans, hafi gætt reglna 1. málsg. 40. gr. laga nr. 82/1961.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Guðlaugur Jónsson Jónatansson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í Hæstarétti, kr. 4000.00, er renni í ríkissjóð, og málsvarnarlaun verjanda síns þar, Gunnars M. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Keflavíkur 21. ágúst 1963.

Ár 1963, miðvikudaginn 21. ágúst, var í sakadómi Keflavíkur, sem haldinn var af fulltrúa bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu: Ákærvaldið gegn Guðlaugi Jónssyni Jónatanssyni.

Mál þetta var þingfest og dómtekið í fyrradag.

Með ákæruskjali saksóknara ríkisins, útgefnu 29. maí 1963, er Guðlaugur Jónsson Jónatansson bílaviðgerðarmaður, Berghólum, Hólmsbergi í Gerðahreppi, ákærður fyrir að hafa tvívegis undir áhrifum áfengis og sviptur réttindum til að öðlast ökuleyfi ekið bifreið í Keflavík og nágrenni:

1. að morgni sunnudagsins 13. janúar 1963 bifreiðinni G 2278 víðsvegar um Keflavík, til Sandgerðis og þaðan til baka að Borgarvegi 20 í Ytri-Njarðvík.
2. síðdegis sama dag bifreiðinni K 611 frá Garðavegi 8 í Keflavík og þangað aftur eftir að hafa ekið bifreiðinni til Sandgerðis svo og fyrir að hafa neytt áfengis við aksturinn.

Teljast brot ákærða varða við 1. og 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, sbr. 1. mgr. 24. gr. og 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-
leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu
alls sakarkostnaðar.

Ákærði er á lögaldri sakamanna, fæddur 21. marz 1934 á Eyri í Grýtubakkahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu. Hann hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

- 1957 21/3 á Keflavíkurflugvelli: Áminning fyrir tolllagabrot.
— 2/5 á Keflavíkurflugvelli: Sátt, 350 kr. sekt fyrir brot á bifreiðalögum og tolllögum.
— 18/5 á Keflavíkurflugvelli: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 6. mgr. 17. gr. bifreiðalaga.
— 24/5 á Keflavíkurflugvelli: Sátt, 500 kr. sekt fyrir tolllagabrot.
- 1959 16/4 í Hafnarfirði: Dómur: Fangelsi í 5 mánuði, sviptur öku-
leyfi í 3 ár frá 22/11 1958, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á áfengis- og umferðarlögum og 244. gr. og 259. gr. hegningarlaga.
- 1961 29/9 í Keflavík: Sátt, 490 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
— 22/11 í Keflavík: Dómur: 50 daga varðhald, sviptur rétt-

indum til ökuskírteinis ævilangt fyrir brot á 257. gr. hegningarlaga, 7. gr. áfengislaga, 2. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga o. fl. Greiði skaðabætur kr. 3926.85.

1962 2/2 í Keflavík: Dómur: 10 daga varðhald sem hegningarauki fyrir að aka bifreið ölvaður og án réttinda.

— 12/3 í Keflavík: Áminning fyrir brot á 21. gr. áfengislaga. Málavextir skulu nú raktir:

Síðdegis sunnudaginn 13. janúar 1963 bárust lögreglunni í Keflavík upplýsingar um ferðir bifreiðarinnar K 611 í Sandgerði og að líkur væru til, að ökumaður hennar væri ölvaður. Hafin var leit að bifreiðinni og eiganda hennar, vitninu Helga Þór Sigurðssyni frá Skagafirði, og fannst hann brátt að Garðavegi 8 hér í bæ, en þar býr hann vegna atvinnu sinnar hér. Helgi virtist ölvaður og var færður til blóðrannsóknar og á lögreglustöðina.

Vitnið kvaðst nokkru áður hafa verið staddur í Sandgerði í bíl sínum, en ekki hafa ekið honum, heldur hafi ákærði í máli þessu gert það. Þá var og talið, að vitnið Guðmundur Sigurberg Stefánsson, frá Skagafirði, hefði einnig verið í bílnum. Var nú hafin leit að mönnum þessum, og fundust þeir sofandi í verbúðum nokkrum í Sandgerði, og voru báðir ölvaðir.

Ákærði var handtekinn og fluttur í blóðrannsókn og síðan á lögreglustöðina, en vitninu Guðmundi Sigurberg, sem átti að róa um kvöldið, en hann var vélamaður á m/s Dúx, var leyft að sofa áfram. Rannsókn á blóði úr ákærða sýndi 2.06‰ úrfallsefni.

Ákærði skýrði lögreglumönnum svo frá, að hann hefði þá síðastliðna nótt hitt þá vitnin Helga og Guðmund og að með þeim hefði og verið vitnið Guðmundur Sverrir Runólfsson leigubílstjóri, Borgarvegi 20, Njarðvíkurhreppi, og þeir hafi allir verið ölvaðir. Vitnið Ingimundur Pétursson leigubílstjóri, Njarðvíkurhreppi, hefði ekið þeim öllum heim til ákærða, þar hefðu þeir haldið drykkjunni áfram nokkuð, síðan gengið að Bifreiðastöð Keflavíkur. Þaðan hafi vitnið Guðmundur Sverrir ekið þeim heim til sín í bíl sínum G 2278. Þar hafi vitnið Guðmundur Sverrir orðið eftir, en kona hans ekið hinum heim til vitnisins Helga, og ákærði síðan ekið þeim í bílnum K 611 til Sandgerðis.

Vitnið Matthías Karlsson, Berghólum, en hjá honum hefur ákærði herbergi á leigu, bar, að er ákærði kom heim um nóttina ásamt gestum sínum, hafi hann verið ölvaður, svo og gestirnir.

Vitnið Ingimundur Pétursson leigubílstjóri bar, að ákærði hafi verið ölvaður, er hann ók honum heim til hans, svo og þeir, sem með honum voru.

Vitnið Ragnhildur Rögnvaldsdóttir, Garðavegi 3, bar, að vitnið Helgi Þór hefði komið heim á hádegis umræddan sunnudag ölvaður og einhverjir gestir með honum og síðan farið brott á bílnum K 611. Ekki sá vitnið, hver ók bílnum.

Vitnið Kjartan Þórðarson, leigubílstjóri hér í bæ, bar, að síðdegis umræddan sunnudag hafi vitnið Helgi beðið sig um að aka tveimur mönnum til Sandgerðis heiman að frá sér. Menn þessir hafi setið í bíl vitnisins Helga og sá stærri hafi setið undir stýri bílsins. Ekki treysti vitnið sér til að segja til um ástand hans. Hinn maðurinn hafi verið vélamaður á m/b Dux og með áfengi á öflösku og drukkið tvisvar af henni á leiðinni.

Vitnið Guðmundur Sigurberg bar, að umræddan laugardag hafi vitnið Helgi Þór komið til sín um borð í m/b Dux í Sandgerðishöfn og verið ölvaður. Vitnið Helgi hafi verið með leigubíl og í honum tveir menn. Varð það úr, að vitnið og vitnið Helgi Þór fóru á dansleik í Samkomuhúsi Sandgerðis, og varð vitnið ölvað þar. Eftir dansleikinn létu þeir aka sér víðsvegar um Keflavíkurbæ á leigubíl, og minnir vitnið, að þeir hafi farið heim til ákærða, en telur sig ekki muna atvik eftir það, og hafi hann sofnað. Mætti telur sig næst muna, að ákærði hafi ekið þeim heim til Helga, en þaðan hafi þeir ákærði farið í leigubíl út í Sandgerði. Ekki treystir vitni þetta sér til að muna, hvort ákærði var ölvaður við aksturinn.

Vitnið Heiðmundur Ottósson, Sandgerði, bar, að vitnið Guðmundur Sigurberg hefði komið til sín umrædda helgi ásamt öðrum mönnum, og þeir verið í bíl, sem ákærði hafi ekið. Ekki treysti vitnið sér til að votta um ástand ákærða.

Vitnið Helgi Þór neitaði eindregið fyrir rétti að hafa sjálfur ekið undir áhrifum áfengis umrædda helgi, og bar fyrir rétti, að ákærði, sem hafi verið ölvaður, hefði ekið bíl vitnisins Guðmundar Sverris frá Bifreiðastöð Keflavíkur víðs vegar um Keflavík og nágrenni og endanlega heim til vitnisins Guðmundar Sverris, en vitnið Guðmundur Sverrir hafi ekki ekið. Enn fremur hafi ákærði ölvaður ekið bíl þessa vitnis heiman frá því út í Sandgerði og til baka aftur. Ekki kvaðst vitni þetta hafa beðið ákærða um að aka og ekki reynt að koma í veg fyrir það, og ekki hafi því verið kunnugt um, að ákærði var sviptur ökuréttindum.

Vitnið Guðmundur Sverrir neitaði eindregið fyrir rétti að

hafa sjálfur ekið undir áhrifum áfengis umrædda helgi og bar fyrir réttinum, að ákærði hefði ekið bíl þessa vitnis frá Bifreiðastöð Keflavíkur og heim til vitnisins. Ekki þóttist vitni þetta hafa séð ákærða drekka áfengi og ekki vita, hvort hann var ölvaður, og enn fremur að hann hafi ekki vitað, að ákærði var ökuréttindalaus. Vitni þetta kvað ákærða hafa boðizt til að aka bíl vitnisins.

Ákærði viðurkenndi fyrir rétti, að hafa verið að áfengisdrykkju umrædda helgi ásamt vitnunum Helga Þór, Guðmundi Sverri og Guðmundi Sigurberg og að hafa ekið bíl vitnisins Guðmundar Sverris frá Bifreiðastöð Keflavíkur heim til eiganda bílsins. Ákærði bar, að vitnið Guðmundur Sverrir hefði beðið sig um að aka, þótt þeir hefðu þá skömmu áður verið að áfengisdrykkju saman. Þá játaði ákærði og að hafa ekið bíl vitnisins Helga Þórs heiman frá honum út í Sandgerði og til baka aftur. Vitnin hafi beðið sig um að aka og hann gert það í hugsunarleysi, og hafi hann drukkið áfengi við akstur þessa bíls.

Ákærði kvaðst síðan hafa farið í leigubíl ásamt vitninu Guðmundi Sigurberg út í Sandgerði og dáið skömmu síðar áfengisdauða, og næst muni hann eftir sér í lögreglubílnum, er hann var handtekinn.

Með bréfi, dagsettu 29. maí s.l., heimilaði saksóknari ríkisins, að þáttum vitnanna Guðmundar Sverris og Helga Þórs yrði lokið með réttarsátt, enda greiddu þeir hæfilegar sektir auk sakarkostnaðar, og var það gert í júní s.l.

Svo sem nú er rakið, er sannað með játningu ákærða og öðrum gögnum, að hann undir áhrifum áfengis og sviptur réttindum til að öðlast ökuleyfi

- 1) ók bifreiðinni G 2278 að morgni sunnudagsins 13. janúar 1963 víðs vegar um Kefavík og nágrenni, og
- 2) ók bifreiðinni K 611 síðdegis sama dag frá Garðavegi 8 í Keflavík og þangað aftur, eftir að hafa ekið bifreiðinni til Sandgerðis, og að hann hafi neytt áfengis við akstur þeirrar bifreiðar, svo sem í ákæru segir.

Með þessu atferli hefur ákærði gerzt brotlegur við 1. og 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. og 45. gr. áfengislaga nr.

58/1954 og unnið sér til refsingar, sem með tilliti til fyrri afbrota ákærða þykir hæfileg 40 daga varðhald.

Jafnframt því að krefjast refsingar, krefst ákærvaldið öku-
leyfissviptingar, en með tilliti til þess að 22/11 1961 var ákærði
með dómi sviptur réttinum til að öðlast ökuleyfi ævilangt, þykir
ekki ástæða til að taka afstöðu til þessa atriðis í ákærinni í
dómi þessum.

Dómsorð:

Ákærði, Guðlaugur Jónsson Jónatansson, sæti 40 daga
varðhaldi.

Hann greiði allan kostnað sakar þessarar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. janúar 1964.

Nr. 118/1963. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Halldóri Þráni Sigfússyni

(Ingi R. Helgason hdl.).

Dómendur:

hæstaréttardómarnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Giz-
ur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Ár-
mann Snævarr.

Ákæra um brot gegn iðnlöggjöf.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdómur vísaði réttilega frá dómi þeim hluta ákær-
unnar á hendur ákærða, sem laut að starfsemi hans á tíma-
bilinu frá 1. janúar til 19. júní 1961.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að
staðfesta ákvæði hans um sýknu ákærða af kröfum ákæru-
valdsins, að því er tekur til starfsemi hans í desember-
mánuði 1961. Á það má fallast með héraðsdómi, að ákærði
hafi með starfrækslu sinni þann tíma, sem hann hafði
Guðjón Mýrdal Valtýsson í þjónustu sinni, gerzt sekur við
14. gr. laga nr. 18/1927, sbr. lög nr. 105/1936, 2. gr., sbr.